

Gamall draumur

Lag: Óskar Guðnason, texti: Guðbjartur Össurarson

Dvel þú hjá mér draumur

degi hallar senn

ljúfar liðnar stundir

lífa hjá mér enn.

Vildi ég þú værir

vina hjá mér nú

að við endurheimtum

okkar von og trú.

Þá var ljúft að lífa

lífið eilíft vor.

Sórum ástareidda

áttum kjark og þor.

Áfram líður ævin

einn ég sit og bíð

það sem þögnin geymir

það er liðin tíð.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

Óskar Guðnason - Gamall Draumur (1991)

Ýmsir - Aldrei ég gleymi (1992)

Óskar Guðna - Lífsins línudans (2001)